

Breytingartillaga

við frumvarp til kosningalaga.

Frá Birni Leví Gunnarssyni, Þorbjörgu Sigríði Gunnlaugsdóttur
og Guðmundi Andra Thorssyni.

1. 9. gr. orðist svo, ásamt fyrirsögn:

Fjöldi þingsæta.

Þingsæti eru 63 og skiptast í 36 kjördæmissæti og 27 jöfnunarsæti.

Í hverju kjördæmi, sbr. 7. gr., skulu vera sex kjördæmissæti en jöfnunarsæti skiptast milli kjördæma samkvæmt ákvæðum 10. gr.

2. Við 10. gr.

- a. 1. mgr. orðist svo:

Eftir hverjar alþingiskosningar skal landskjörstjórn skipta jöfnunarsætunum 27, sbr. 9. gr., þannig að tala þingsæta, kjördæmis- og jöfnunarsæta, sé í hverju kjördæmi í sem fyllstu hlutfallslegu samræmi við tölu kjósenda á kjörskrá í nýafstöðnum kosningum.

- b. 2. mgr. orðist svo:

Við skiptingu jöfnunarsæta skal deila tölu kjósenda á kjörskrá í hverju kjördæmi með tölunum 6, 7, 8 o.s.frv. Ákvarða skal 27 hæstu útkomutölurnar og fær hvert kjördæmi jafnmörg þessara sæta og það á af þessum útkomutölum. Nú eru tvær eða fleiri útkomutölur jafnháar þegar á það kann að reyna og skal þá hluta um val á milli þeirra.